

loft *hk – hús*
[-s, -]

– fáum okkur frískt loft!

‡ loft • andrúmsloft

yfir *fs – þf/þgf*

– kötturinn stökk yfir borðið

‡ • yfirborð, yfirgefa, yfirleitt, yfirskrift « undir

hver *fn*
[-, hvað/hvert; -jir, -jar, -]

– hver er þessi maður?

‡ hverr • einhver, hvor

ekki *ao*

– þetta má ekki!

‡

fugl *kk – hestur 0*
[-s, -ar]

– þetta var hvorki fugl né fiskur

‡

hrein-n *lo – gulur S*
[-, -t; -ni, -astur]

– á Íslandi er vatnið hreint

‡

fisk-ur *kk – hestur*
[-s, -ar]

– við borðum oft fisk

‡ fiskr

kvöld *hk – hús*
[-s, -]

– við ætlum í bíó í kvöld

‡ kveld « morgunn

hlý-r *lo – gulur J*
[-, -tt; -rri, -jastur]

– þetta er mjög hlý úlpa

‡ • hlýja » heitur « svalur

lof-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– hún lofaði að koma fljótt aftur

‡

neit-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– ég neita að fara út í þessu veðri!

‡ • nei « játa

laus *lo – gulur 0*
[-, -t; -ari, -astur]

– hún er með lausa skráfu

‡ lauss • lausn, losa, losna; endalaus, vitlaus, vonlaus; eflaust, vafalaust » frjáls « fastur

póstur *kk – hestur*

– fékk ég póst?

‡ • pósthús

ját-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– hann játaði fyrir rétti

‡ • já « neita

fyrst *ao hst/ st*

– fyrst kemur A, svo kemur B

‡ • snemma, fyrr; fyrstur, fyrri, fyrrverandi; fyrir, fyrirgefa, fyrirmynd, fyrirtæki

klæ-ða *so vb-i – heyra*
[-ddi]

– klæddu þig vel í kuldanum

‡ • klæddur